



Reyndu betur

Orða- og málþroskaleikur

Markmið

Að geta útskýrt orð/hugtök fyrir öðrum.

Aldur

Yngsta stig grunnskóla.

Gögn

Spjöld sem innihalda orð/hugtak (hægt að nota spjöld úr borðspilinu Alians).
Skeiðklukka.

Mat á framkvæmd

Leiklýsing

Nemendahópnum er skipt í tveggja manna hópa. Unnið er í 5 mínútur í senn og svo skipta félagarnir um hlutverk. Í upphafi fær annar nemandinn í hendurnar bunka af spjöldum sem innihalda orð/hugtök. Sá nemandi á að draga eitt spjald í einu og lýsa merkingu orðsins fyrir félagi sínum, án þess að minnst á orðið sjálft. Þó má hann nota orð sömu merkingar. Þegar félaginn giskar á rétt orð er næsta spjald valið og svo koll af kolli þar til tíminn er búinn.

Aðrar útfærslur

Á eldri stigum er hægt er að útfæra leikinn þannig að kennsluborðum er raðað í hring og helmingur situr í ytri hring og helmingur í innri hring. Þeir sem sitja í ytri hring sjá um að spyrja. Þegar tíminn er liðinn færir hver þátttakandi sig yfir á næsta stól til vinstri og fær þá annan liðsmann. Þegar hringurinn er búinn er hægt að skipta um hlutverk og þeir sem eru í innri hring sjá þá um að spyrja.